

Mál nr. 193/2020**M og
V vegna ábyrgðartryggingar atvinnurekstrar X****Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna tjóns í kjölfar þess að olía lak af bifreið.****Gögn.**

Málskot dags. 18.5.2020, ásamt fylgiskjöllum nr. 1-9.

Bréf V dags. 5.6.2020, ásamt fylgiskjali nr. 1.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að skipt var um olíu á bifreið M, hinn 19. ágúst 2019, á smurstöð X í Kópavogi. Í smurbók ökutækisins kemur fram að staða ökumælis hafi verið 114.419 mílur þegar olíuskiptin áttu sér stað. Færslan í smurbókinni er þó ekki árituð af starfsmönnum X með undirskrift eða stimpli líkt og gjarnan er gert. Að sögn M varð fyrst vart við olíuleka og óeðlileg hljóð frá vél bifreiðarinnar í október 2019 þegar búið var að aka bifreiðinni u.þ.b. 200 mílur frá olíuskiptum. M kveðst hins vegar ekki hafa haft grun um að bilunin yrði mögulega rakin til mistaka við olíuskipti. Þá taldi M ekki aðkallandi að fara með bifreiðina í viðgerð því hann hafði aðgang að öðrum bifreiðum. Fór hann fyrst með bifreiðina á verkstæði í byrjun desember 2019. M hefur lagt fram greiningu bifreiðaverkstæðis á biluninni sem fram fór þann 5. desember 2019. Þar kemur m.a. fram að olíu vanti á bifreiðina, kerti séu léleg auk þess sem mikið bank og smellir komi úr vél. Þegar bifreiðin hitni byrji að leka olía með olíutappa undir vél í umtalsverðu magni. Þá kemur fram í greiningunni að vegna þess að bifreiðin hafi tapað olíu hafi legur á sveifarási ofhitnað og eyðilagst.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu þar sem engar aðrar mögulegar skýringar séu á tjóninu en að starfsmenn X hafi gert mistök við herslu á olíutappa vélarinnar.

V telur skaðabótaábyrgð ekki fyrir hendi og vísar til þess að ýmsar ástæður geti legið að baki olíuleka 20 ára gamallar bifreiðar, aðrar en óforsvaranleg vinnubrögð starfsmanna X. Enn fremur vísar V til þess að olíuleki hafi komið í ljós tveimur mánuðum eftir að olíuskiptin fóru fram en M hafi þó ekkert aðhafst vegna þess fyrr en fjórum mánuðum frá smurþjónustu X. Telur V ósannað að tjónið verði rakið til smurvinnu starfsmanna X.

Álit:

Ágreiningur málsins snýr að því hvort skemmdir á vél bifreiðarinnar verði raktar til mistaka við smurþjónustu hennar hjá X, þann 19. ágúst 2019. Sönnunargögn um það sem kann að hafa valdið skemmdum á vélinni eru mjög af skorum skammti. Í ljósi þess hversu lítið af gögnum um orsakir tjónsins liggja fyrir verður á grundvelli fyrirliggjandi gagna ekki talið nægilega sannað að tjónið verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. júlí 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.